

✉ Re: Ósk um umsögn, Úthlíð 2, aðalskipulagsbreyting, lýsing 2103021 -

Búið til	20.4.2021 14:06:02
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	20.4.2021 14:06:01
Tilheyrir	📁 202104-0011 - Úthlíð 2, í Bláskógabyggð, aðalskipulagsbreyting, Umsögn

Efni

Re: Ósk um umsögn, Úthlíð 2, aðalskipulagsbreyting, lýsing 2103021 -

Upplýsingar

Sent	20.4.2021 14:06:01	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	stella@utu.is

Innihald

Tilvísun í mál nr. 202104-0011 (LA)

Vísað er í tölvupóst frá Bláskógabyggð, dags. 7. apríl 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Ísland vegna breytinga á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Breytingarnar fela í sér að frístundasvæði (F78) í landi Úthlíðar 2 verði breytt í nýtt verslunar- og þjónustusvæði og skilgreind verði ný aðkoma að þeim lóðum.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir skipulagslýsingu og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Fram kemur að svæðið er í Úthlíðarhrauni sem er nútímahraun og nýtur verndar samkvæmt 61 gr. náttúruverndarlaga. Hraunið er skógi vaxið og fram kemur á bls. 3 að skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar flokkast svæðið sem L14.3 skógrækt og ofan til á svæðinu sem birkiskógur L11. Sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra njóta einnig sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Í þessari sömu grein náttúruverndarlaga stendur jafnframt "Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til". Gera þarf grein fyrir nauðsyn þess að raska nútímahrauni og birkiskógi sem njóta sérstakrar verndar.

Út frá korti (mynd 1) á bls. 5 er ekki hægt að átta sig á hvaða svæði fer undir fyrirhugaðar breytingar á landnotkun eða staðsetningu á nýjum aðkomuvegi. Gera þarf betur grein fyrir þessu með því að sýna nákvæmara kort með afmörkun lóða svo hægt sé að meta áhrif fyrirhugaðra breytinga á náttúrufræðisins. Þá má búast við að nýju verslunar- og þjónustusvæði fylgi bílastæði, en það kemur ekki fram í skipulagslýsingu.

Á bls. 5 stendur "Staðurinn er ofarlega í byggðinni, tiltölulega stutt að mörgum náttúruperlum og inn á hálendið. Fyrirhuguð breyting er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um uppbyggingu innan sveitarfélags og er í góðum tengslum við veitur og samgöngur." Ekki kemur fram hver stefna sveitarfélagsins er á skipulagssvæðinu, né framtíðarsýn um landnotkun innan þess.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við framangreinda skipulagslýsingu en áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins gerist þörf á því.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
 Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
 Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
 Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Stella Rúnarsdóttir" <stella@utu.is>
To: "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is" <axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "sigrun@hsl.is" <sigrun@hsl.is>; "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>; "uggi@minjastofnun.is" <uggi@minjastofnun.is>
CC:
Subject: Ósk um umsögn, Úthlíð 2, aðalskipulagsbreyting, lýsing 2103021 -
Date: 7.4.2021 11:34:28

Góðan dag

Óskum hér með eftir umsögn ykkar á lýsingu í viðhengi vegna aðalskipulagsbreytingar innan svæðis Úthlíðar 2 í Bláskógabyggð. Breytingin felur í sér skilgreiningu á verslunar- og þjónustusvæði í stað frístundasvæðis.

Lýsingin er í kynningu frá 31.mars til 23.apríl n.k.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Bestu kveðjur,

Stella Rúnarsdóttir

Ritari skipulagsfulltrúa

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.

Dalbraut 12, Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: stella@utu.is (<mailto:stella@utu.is>)

Vefsíða: www.utu.is (<http://www.sbf.is/>)



Viðhengi

image001.png (5 KB)